

1862.

þjóðir teljast eigi hafa jafnrætti innanríkismönnum til verzlunar, sem eptir lögum dags. 15. aprílm. 1854 og auglýsingu stjórnarherra innanríkismálanna, dags. 24. marzm. 1855, eiga að greiða hærra leidarbréfastjald en hið vanalega.

Öll skip, er ríkið á, eru undanþegin hafnargjöldum.

Undanþegin hafnargjöldum eru og öll skip danskra þegna, þau sem eru á fiskiveiðum við strendur Íslands, ef ekki er fluttur neinn farmur úr þeim eður í, annar en sá, er heyrir til afla þeirra eður fiskiveiðum.

Gjöld þau, er áður hafa verið greind, skal og greiða fyrir þau skip, er leita hafnar sökum andviðra, storma eða því um líks.

Nú hefir skip beðið skemmdir á sjó, og leitar til hafnar fyrir þær sakir, og er það þá undanþegið hafnargjöldum ef það flytur að eins í burtu allan þann farm, sem það kom með, hvort sem farmurinn hefir verið úr því fluttur eða hefir verið í skipinu.

Toll þann, sem greindur er undir tölulið I., skal greiða fyrir hvert það skip, er liggur fyrir innan eyjar þær, er um höfnina lykja.

Reykjavíkur hafnarnefnd, 16. dag nóvemberm. 1861.

Á. Thorsteinson. Tærgesen. M. Smith.

Þessi hafnartaxti samþykkist hér með.

í Dómsmálastjórninni 18. dag febrúarm. 1862.

Casse.

77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslu- stjórnarinnar, um próf í íslenzku. 31. júlím.

Með bræfi 19. maím. þ. á. hefir kirkju- og kennslustjórnin sent dómsmálastjórninni skjal nokkurt, sem nú er aptur sent, frá Konráði prófessor Gíslasyni, en í því fer hann fram á, að próf í íslenzku máli, sem honum hefir verið á hendur falið að halda yfir þeim mönnum, er sækja um embætti á Íslandi en ekki eru Íslendingar, verði haldið í heyranda h'jóði, og að skipaðir verði tveir prófdómendur við próf þetta; getur kirkju- og

1862.
31. júlím.

kennslustjórnin þess í bréfi sínu, að hún fyrir sitt leyti ekki sjái, að neitt sé því til fyrirstöðu, að farið sé eptir tilmælum Konráðs prófessors Gíslasonar, og skýtur því til dómsmálastjórnarinnar að afráða það, sem henni þyki réttast, að ákveðið sé í þessu máli.

Í þessu efni skal þess nú getið, að dómsmálastjórninni virðist vera ástæða til, að láta halda próf það, sem hér er um rætt, í heyranda hljóði, en þar á móti virðist vera áhorfsmál, að fyrir skipa, að prófdómendur séu við prófið, einkum fyrir þá sök, að það ef til vill gæti orðið torvelt að finna menn, er hentugir væru til þess; en ef hafa ætti prófdómendur, þá virðist ekki eiga að einskorða ætlunarverk þeirra þannig, að þeir aðeins séu til ráðaneytis, svo sem prófessorinn hefir sveigt að í skjali sínu, en þó virðist þetta aðeins vera varauppástunga hans, heldur ættu þeir að eiga atkvæðisrétt. Um efni prófsins, þá verður dómsmálastjórnin að álíta nauðsynlegt, að það sé aukð á þann hátt, að auk hins munnlega prófsins sé einnig haldið skriflegt próf, sem þá ætti að vera í því fólgið að snúa verkefni á íslenzku úr dönsku; skyldi kennarinn í norðurlanda málum til taka verkefnið, án þess að prófdómendurnir, ef þeir yrðu skipaðir, ættu að eiga neinn þátt í að velja það.

En áður en ákveðið sé um málefni þetta að fullu og öllu, biður dómsmálastjórnin hið heiðræða stjórnarráð að segja álit sitt um, hvort það að sínu leyti hafi nokkrar mótbárur fram að færa gegn því, að málinu sé skipað á þann hátt, sem að ofan er á vikið.

77. Bréf dómsmálastjórnar til kirkju- og kennslustjórnar um próf í íslenzku.

Með þessum bréfi er áminnað, að þessu máli er áminnað, að dómsmálastjórnin sé til þess að tryggja, að próf þetta sé haldið á þann hátt, sem er áminnað í þessu bréfi. Þessi áminning er gefin til þess, að dómsmálastjórnin sé til þess að tryggja, að próf þetta sé haldið á þann hátt, sem er áminnað í þessu bréfi. Þessi áminning er gefin til þess, að dómsmálastjórnin sé til þess að tryggja, að próf þetta sé haldið á þann hátt, sem er áminnað í þessu bréfi.